

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 210/1980. **Ævar Guðmundsson**

gegn

Guðmundi Eyþórssyni.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Málið var sent Hæstarétti með bréfi sýslumannsins 30. október 1980, sem barst réttinum 4. nóvember. Fylgdi bréfinu kæra Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns 22. október, þar sem hann kærði „frávísunardóm“, sem uppkveðinn var 9. október í aukadómþingsmálinu nr. 8/1980: Ævar Guðmundsson gegn Guðmundi Eyþórssyni. Um kæruheimild vísar lögmaðurinn til b liðar 21. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfur kæranda eru, að „frávísunardómnum verði hrundið“ og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur komið fram af hálfu stefnda, en engar kröfur.

Með áskorunarstefnu 23. maí 1980 höfðaði Ævar Guðmundsson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, mál fyrir auka-
dómþingi Húnavatnssýslu gegn Guðmundi Eyþórssyni, Brú-
arhlíð í Blöndudal, „til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 384.000,- ásamt 4,5% dráttarvöxtum á mán. eða brot úr mán. frá 5. 10. 1979 til greiðsludags, kr. 1.000,- í stimpillkostn. skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Skuld þessi er skv. einum vixli útgefnum og framseldum af Elco þann 1. 8. 1979, en samþykktum til greiðslu af stefnda, Guðmundi, þann 5. 10. 1979 í Búnaðarbanka Ísl., Blönduósi . . .“.

Málið var tekið fyrir á aukadómþingi 20. júní 1980, og lagði umboðsmaður stefnanda fram stefnu og víxil. Þing

var sótt fyrir stefnda og frestur veittur. Næst var þingað í málinu 11. júlí, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Segir þar, að stefndi hafi verið beittur svikum, og er krafist, að hann verði sýknaður af þeim sökum. Síðan segir í greinargerðinni: „Verði ekki á það fallist, þá geri ég kröfu til þess, að ekki verði um víxilmál að ræða . . . enda fullnægir víxillinn ekki víxillögum að fróðra manna sögn, þar sem undirskrift útgefanda er ólæsileg og firmað Elco er ekki skrásett firma og getur því ekki verið útgefandi víxilsins“. Tekið er fram í greinargerðinni, að stefndi vildi koma að gagnkröfu í málinu. Þá var krafist málskostnaðar.

Næst var málið tekið fyrir á aukadómþingi Húnavatns-sýslu 9. október 1980. Þing var sótt fyrir báða aðilja. Bókað var m. a.:

„Umboðsmaður stefnda ítrekar kröfur sínar . . . um, að mál þetta verði ekki rekið sem víxilmál, þar sem ekki sé um löglegan víxil að ræða.

Umboðsmaður stefnanda mótmælir þessum skilningi og krefst þess, að málið haldi áfram sem víxilmál“.

Dómarinn kvað síðan upp úrskurð þann, sem kærður var og hér er til meðferðar.

Meðal skjala málsins er hinn umdeildi víxill. Virðist undirskrift útgefanda og framseljanda vera þessi: Elco E. Lövdahl.

Eins og fram kemur í því, sem rakið hefur verið, hefur þess verið krafist af hálfu stefnda, að hann megi koma að vörnum í málinu. Verður ráðið af greinargerð umboðsmanns stefnda, að vörnin sé sú, að útgefandi og framseljandi víxilsins hafi haft svik í frammi í viðskiptum við stefnda.

Hin kærða ákvörðun er að efni til sú, að vörnin skuli komast að í málinu. Kveða mátti upp úrskurð um þetta atriði, en í lögum nr. 75/1973 eða öðrum lögum er ekki að finna heimild til að kæra slíkan úrskurð sérstaklega til Hæstaréttar. Verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi krefst ekki kærumálskostnaðar. Verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

Það athugast, að hinn kærði úrskurður er ekki í því formi sem vera ber eftir 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður aukadómþings Húnavatnssýslu 9. október 1980.

Mál þetta er höfðað út af víxli, dagsettum 1. ágúst 1979 og samþykktum af Guðmundi Eypórssyni, stefnda í máli þessu, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi, þann 5. okt. 1979, útgefinn af Elco, að öðru leyti er undirskrift og áritun á bakhlið ólæsileg. Víxillinn er með áritun á bakhlið, svohljóðandi: Stimpill: Til Búnaðarbanka Íslands, Blönduósi (handskrifað) eða þeim er hann tilvísar. Landsbanki Íslands. Víxillinn ber ekki með sér, að hann hafi verið afsagður. Útgefandi hefur heldur ekki fallið frá afsögn.

Víxillinn er út gefinn af Elco. Það firma er ekki skráð í Reykjavík, Hafnarfirði né í Kópavogi samkvæmt upplýsingum viðkomandi embætta. Nafnið, sem skrifað er ofan í firmanafnið, er algerlega ólæsilegt og ekki tekið fram í stefnu, hvaða nafn eða hver hefur gefið víxlinn út annar en Elco, sem er óskrásett og er því ekki fullgild persóna að lögum. Á víxlinum er því veigamikill formgalli. Verður því fallist á þá kröfu stefnda með tilvísun til 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 að úrskurða nefnda kröfu sem almenna kröfu, sem ekki fær meðferð víxilréttarmáls.

Ályktunarorð:

Skjal nr. 2 í máli þessu verður ekki talið víxill í merkingu víxillaganna, og verður mál þetta því ekki rekið sem víxilréttarmál.
